

22. júní 2020

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgrata 7
101 Reykjavík

Málefnafrvið: Samgöngu- og fjarskiptamál

Umsögn Eimskipa vegna draga að reglugerð um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða

Kæru viðtakendur,

Eimskip fagnar því að stjórnvöld hugi að öryggismálum net- og upplýsingakerfa og tryggji með sem bestum hætti samfellda virkni og áfallaþol þjónustu mikilvægra innviða. Ennfremur lýsir félagið yfir ánægju með það að fyrir hendi skuli vera net-öryggissveit fyrir Ísland sem hefur það hlutverk að fyrirbyggja, draga úr og bregðast við hættu vegna netárása eða hliðstæðra öryggisatvika sem ógnað geta innviðum landsins.

Mikilvægt er að reglur séu skýrar og að þær skekki ekki samkeppnishæfni fyrirtækja. Þau drög sem hér hafa verið kynnt eru nokkuð viðamikil og gera talsverðar kröfur til þeirra fyrirtækja sem reglugerðinni er ætlað að ná til. Eimskip vill gera athugasemdir við líði f og g í 6. grein draganna. Þar er kveðið á um að reglurnar nái til útgerðarfélaga sem sjái um flutning á meira en 25% sjóflutninga til og frá landinu að frádregnum flutningum á eldsneyti og flutningum tengdum stóriðju og sama gildi um lestun og losun farms. Réttara væri að reglurnar næðu til allra flutningsaðila sem viðhafa reglubundnar siglingar til og frá landinu.

Eimskip óskar eftir því að ofangreind ákvæði verði endurskoðuð og áhersla lögð á að gæta samræmis og skekkja ekki samkeppnisstöðu.

Virðingarfyllst,

EIMSKIP ÍSLAND EHF.



Eyþór H. Ólafsson

öryggisstjóri